



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2006

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, 3. mál.

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. ÖBÍ fagnar þeim tillögum sem fram koma í þingsályktuninni og telur þær til bóta fyrir lífeyrisþega. Þó eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við þingsályktunina.

Vegna 2. töluliðs:

ÖBÍ leggur áherslu á að grunnlífeyrir verði ótekjutengdur og að frítekjumark vegna atvinnutekna og lífeyrissjóðstekna verði 75 þúsund krónur á mánuði frá 1. janúar 2007.

Vegna 3. töluliðs:


Að mati ÖBÍ er mikilvægt að núverandi greiðslufyrirkomulag vasapeninga verði lagt af sem allra fyrst, eða frá 1. janúar 2007. ÖBÍ lítur svo á að með því fyrirkomulagi sem er á greiðslu vasapeninga sé fólk sem býr á stofnunum svipt fjárræði. Eðlilegra er að fólk fái greiddan þann lífeyrir sem það á rétt á en greiði fyrir húsnæði eins og aðrir.

Vegna 4. töluliðs

ÖBÍ leggur ríka áherslu á að grunnlífeyrir verði hækkaður verulega. Slík hækkun myndi skila sér best til þeirra sem verst eru settir.

Þá er það mat ÖBÍ að þingsályktunin sé ekki til þess fallin að einfalda kerfi lífeyrisgreiðslna. Er í því sambandi vísað til sameiginlegrar skýrslu ÖBÍ, LEB og LP, „Eitt samfélag fyrir alla – hugmynd að betra samfélagi“. Þrátt fyrir það er um mikilvæga réttarbót lífeyrisþega að ræða og mikilvægt að hún komi til framkvæmda sem fyrst á meðan unnið er að grundvallarbreytingum almannatryggingakerfisins.

Virðingarfyllt,
f.h. Öryrkjabandalags Íslands


Sigursteinn Músson
formaður


Hafdis Gísladóttir
framkvæmdastjóri